



## Sjálfsmatsskýrsla Ársala

2018-2019

Aðalbjörg Þorgrímsdóttir og Sólveig Arna Ingólfssdóttir

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður .....	4
Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf:.....	4
Inngangur .....	5
Leikskólinn Ársalir.....	6
Nemendafjöldi eftir árgöngum.....	6
Starfsmenn Ársala .....	6
Starfsheiti og stöðugildi.....	6
Húsnæði.....	7
Áhersluþættir í starfi leikskólans.....	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats .....	8
Framkvæmd matsins:.....	8
Sjálfsmatsteymi .....	10
Hlutverk teymis .....	10
Sjálfsmat skólaárið 2018-2019 .....	10
Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2018-2019: .....	10
Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er leikskólinn okkar?</i> .....	10
Mat á gæðagreini 1.3 Breytingastjórnun .....	11
Mat á gæðagreini 2.3 Nám, kennsla og námsmat.....	11
Mat á gæðagreini 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar .....	11
Mat á gæðagreini 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna .....	12
Mat á gæðagreininum Starfsandi .....	12
Mat nemenda á skólastarfi.....	12
Umbótaáætlun og endurmat skólaársins 2018-2019.....	13
Mat á starfsáætlun 2018-2019.....	18
Niðurstöður SET-lista í nóvember 2018 .....	19
A - Reglur skilgreindar – 8/8 = 100%.....	20
B - Reglur kenndar – 6/6 = 100%.....	20
C - Viðbrögð við æskilegri og óskilegri hegðun 11/14 = 78,5% .....	20
D - Skipulag og fyrirsjáanlegt umhverfi - 8/10 = 80% .....	21
E - Eftirlit og ákvaðantaka 7/8 = 87,5% .....	21
F - Þátttaka foreldra. 8/10 = 80% .....	21
G - Stjórnun 11/12 = 92% .....	22

H - Stuðningur við verkefnið 8/8 = 100% .....	22
Skólapúlsinn.....	23
Skólapúlsinn foreldrar .....	23
Daglegt leikskólastarf .....	23
Námsumhverfi .....	24
Samskipti við foreldra.....	25
Upphaf og lok leikskólagöngu .....	26
Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta.....	26
Opnar spurningar .....	27
Skólapúlsinn starfsmenn .....	27
Almennt um starfsfólk .....	28
Viðhorf til leikskólans .....	28
Uppeldi og menntun.....	29
Símenntun og undirbúningstími.....	30
Opnar spurningar .....	30
Áætlun um sjálfsmat 2019-2022 .....	31
Viðauki I - Sex stiga skalinn.....	34

## Meginniðurstöður

Sjálfsmatsteymið er skipað sömu starfsmönnum og undanfarin ár og gegnir teymið því hlutverki að undirbúa gæðagreinana fyrir matsfundum, fara yfir þá að loknum fundum og yfirfara umbótaáætlun og kynna fyrir starfsmönnum.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Ársölum. Alls voru lagðir fyrir 5 gæðagreinar til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Matsþættirnir samanstóðu af gæðagreinum úr skoska sjálfsmatsefninu, gæðagreinum sem innra matsteymi leikskólans gerði. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í hverjum gæðagreini sem þátttakendur í mati lögðu fram. Enn fremur eru umbótaáætlanir starfsfólks birtar í sér köflum í skýrslunni. Niðurstöður Set – listans koma fram í heild sinni í þessari skýrslu en Set – listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu á SMT – skólafærni. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og er því hentugur til þess að gera samanburð á milli ára. Niðurstöður SET-listans eiga að hjálpa viðkomandi skóla að þróa, endurskoða og bæta SMT-skólafærni hjá sér.

Ákveðið var að leggja fyrir bæði foreldra- og starfsmannakönnun Skólapúlsins á þessu skólaári. Í könnunum Skólapúlsins er hægt er að skoða stöðu í einstökum þáttum leikskólastarfsins til samanburðar við leikskóla af sömu stærð á landsvísu svo og skoðað þróunina á milli ára innan leikskólans.

Rýnt hefur verið í niðurstöður beggja kannana og er heildarsamantekt sett fram í þessari skýrslu.

### Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf:

Matsfundir	Einkunnagjöf
gg. 1.3 Breytingastjórnun	4,4,5,5,5,5
gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	5,5,5,5,5,5
gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	4,4,4,5,5,5
gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	5,5,5,5
Starfsandi – Ársalir	4,4,4,4,4

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ýtarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka I.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni
<i>Hversu góður er leikskólinn okkar?</i>
Einkunn 6 – <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 – <i>gott</i>
Einkunn 3 – <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 – <i>slakt</i>
Einkunn 1 – <i>ófullnægjandi</i>

### Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu.

Í leikskólanum Ársölum er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* sem gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sama ár. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

## Leikskólinn Ársalir

Haustið 2010 var leikskólinn Ársali stofnaður en hann er sameinaður úr leikskólunum Furukoti og Gláðheimum. Ársalir eru reknir á tveimur starfsstöðvum þ.e. yngra stig við Víðigrund 7B og eldra stig við Árkíl 2.

Í vetur voru 176 nemendur í leikskólanum, 48 á yngra stigi og 128 á eldra stigi.

## Nemendafjöldi eftir árgöngum

Árgangur	Nemendafjöldi
2013	37
2014	45
2015	41
2016	35
2017	18
<b>Samtals</b>	<b>176</b>

## Starfsmenn Ársala

Leikskólastjóri er Anna Jóna Guðmundsdóttir sem er í 100% starfshlutfalli. Aðstoðarleikskólastjóri er Sólveig Arna Ingólfssdóttir.

Deildarstjórar eru níu, þrjú á yngra stigi Herdís Jónsdóttir í Lóni, Lilja Magnea Jónsdóttir í Lind og Anna María Gunnarsdóttir í Læk. Sex deildarstjórar eru á eldra stigi Dagbjört Rós Hermundsdóttir í Höfða, Pálína Hildur Sigurðardóttir í Laut, Elín Berglind Guðmundsdóttir í Hlíð, Aðalbjörg Þorgrímsdóttir í Skógum, Valbjörg Pálmarsdóttir í Þúfu og Ólöf Jósepsdóttir í Kletti.

Samtals 59 starfsmenn í Ársölum í 50,71 stöðugildum.

## Starfsheiti og stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi	Starfs- hlut- fall	Leik- skóla- kenn.	M.Ed.	B.ed. BA í alm. me. fræð.	Prosk. þjálfari	Leik- skóla liði	Ófag lærð ir	Önnur háskóla men- ntun
Leikskólastjóri	1	1,0	1	1					

Aðstoðarleikskólastjóri	1	1,0	1						
Leikskólakenn./starfsmaður	47	41,99	16				3	25	3
Verkefnisstjóri náms.aðlög.	1	0,5				1			
Leikskólasérkennari	3	2,63	3						
Starfsmaður með stuðning	2	0,88	2						
Matráður	3	2,21							
Ritari	1	0,5					1		
<b>Alls</b>	<b>59</b>	<b>50,71</b>	<b>22</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>25</b>	<b>3</b>

### Húsnæði

Leikskólinn Ársalir var opnaður í ágúst 2010. Hann varð til við samruna tveggja leikskóla, Glaðheima og Furukots. Húsnæði leikskólans er annars vegar 1000 fermetra sex deilda glæsileg nýbygging og hins vegar „gömlu“ Glaðheimar sem er þriggja deilda, en sú bygging var stækkuð og endurnýjuð árið 1995. Skipuð var undirbúningsnefnd nokkrum árum áður þar sem fulltrúar foreldra leikskólabarna og starfsmanna leikskólanna á Sauðárkróki auk fulltrúa frá sveitarfélaginu unnu tillögur að því hvernig skyldi standa að sameiningunni og byggingu nýs leikskóla. Nefndin ákvað m.a. að yngri börnin skyldu vera í „gömlu“ Glaðheimum sem er í daglegu tali nefnt yngra stig og eldri börnin í nýbyggingunni, nefnt eldra stig. Á yngra stigi eru börn á aldrinum 1 árs til 2 ½ árs og á eldra stiginu eru börn á aldrinum 2 ½ árs til 6 ára. Opnunartími Ársala er annars vegar 07:45-16:15 á yngra stiginu og 07:45-16:30 á því eldra.

### Áherslupættir í starfi leikskólans

Einkunnarorð Ársala eru **vináttu, virðing og velliðan**. Við leggjum okkur fram um að vinna í anda þessara fallegu orða. Við viljum að öllum líði vel hjá okkur og finnist þeir velkomnir. Það gerum við með því að koma til móts við þarfir hvers og eins og gefa nægt svigrúm fyrir sjálfsprottinn leik. Í Ársölum er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á lífsleikni og tákni með tali með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Í Ársölum er notað SMT agastjórnunarkerfi.

### Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Leikskólinn Ársalir hefur frá haustinu 2017 notað sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* til að meta innra starf skólans með reglubundnum hætti. Sjálfsmatskerfið er skoskt að uppruna og heitir á frummálinu *How good is our early learning and childcare?* Fræðsluþjónusta Skagafjarðar þýddi og gaf út efnið í ágúst 2017. Áður notaði skólinn matsaðferðin *Barnið í brennidepli* sem er forveri sjálfsmatsaðferðarinnar *Hversu góður er leikskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott***, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka I.

### Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk skólans hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat nánar síðar í skýrslu.



Starfsmenn leikskólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka I. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast umbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er leikskólinn okkar?* í fjórum skrefum:**

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. **Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.

## 5. Eftirfylgni umbóta.

### Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsteymi er starfrækt í Ársölum og í því sitja Sólveig Arna (teymisstjóri), Elín Berglind, Herdís, Halldóra Björk, Rósa Mary (ritari) og Valbjörg.

### Hlutverk teymis

Teymið fundar aðra hverja viku og sér um að yfirfara og undirbúa gæðagreina fyrir matsfundi. Teymið sér einnig um að vinna úr niðurstöðum og að yfirfara umbótaáætlun og kynna þær umbætur sem gerðar eru fyrir starfsmönnum.

### Sjálfsmat skólaárið 2018-2019

Vinnan með sjálfsmatið er að komast í fastar skorður og starfsmenn flestir að verða vel þjálfaðir í þessari vinnu. Sjálfsmatsteymið fór að funda reglulega sem gerði alla vinnu við sjálfsmatið mikið skilvirkari og auðveldari. Búinn var til gæðagreinir um starfsanda og er það fyrsti gæðagreinirinn sem er sérsniðinn fyrir Ársali og gekk vinnan með hann mjög vel.

### Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2018-2019:

Gæðagreinir búin til af sjálfsmatsteymi leikskólans	
Starfsandi – Ársalir	

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu <i>Hversu góður er leikskólinn okkar?</i>	
gg. 1.3 Breytingastjórnun	
gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	
gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	
gg. 3.2 Proski og framfarir leikskólabarna	

### Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?*

#### Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundum:

Matsfundir	Einkunnagjöf
gg. 1.3 Breytingastjórnun	4,4,5,5,5,5

gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	5,5,5,5,5
gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	4,4,4,5,5,5
gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	5,5,5,5
Starfsandi – Ársalir	4,4,4,4,4

### Mat á gæðagreiðni 1.3 Breytingastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af öllum starfsmönnum. Helstu styrkleikarnir voru að foreldraráð hefur fjölmörg tækifæri til þess að taka þátt í mótun og endurgjöf á stefnum, markmiðum og gildum leikskólans. Lögð er mikil áherslu á öfluga og fjölbreytta upplýsingamiðlun og góð samskipti við foreldra. Foreldrar hafa einnig gott aðgengi að skólastjórnendum sem og öðru starfsfólki og lagt er mikið upp úr því að svara öllum fyrirspurnum sem berast. Foreldrasamtölum hefur einnig verið fjölgað til að auka þátttöku foreldra. Komið er til móts við þarfir allra nemenda og hefur leikskólinn ýmsar skimanir og próf til að meta hverjir þurfi aukna aðstoð eða eftirfylgni. Breytingum er oftast tekið vel og fylgt eftir með jákvæni starfsfólks. Sýn leikskólans, markmið og gildi birtast víða. Starfsfólk fær fjölmörg tækifæri til að vinna og læra saman t.d. á starfsmannafundum og skipulagsdögum.

### Mat á gæðagreiðni 2.3 Nám, kennsla og námsmat

Gæðagreinirinn var metinn af öllum starfsmönnum. Helstu styrkleikarnir voru að með félagslegri hvatningu og hrósi virkjar starfsfólkið öll börn til þátttöku í daglegu starfi leikskólans. Með ýmsum könnunum, prófum og yfirsýn á öllu daglegu starfi er fylgst með framförum barnanna og upplýsingarnar nýttar til skipulags í umbótamiðuðu skólastarfi. Námsfnið er fjölbreytt sem nýtist vel til að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna og er starfsfólk jafnframt duglegt að enduskoða og meta kennsluaðferðirnar.

### Mat á gæðagreiðni 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Gæðagreinirinn var metinn af öllum starfsmönnum. Helstu styrkleikarnir voru að allt starfsfólk er samábyrgt að koma til móts við þarfir og þroska barnanna. Starfsmenn eru hvattir til þess að sækja sér námskeið og mikil ánægja með námskeiðin sem sveitarfélagið býður upp á. Leikskólinn býður upp á fjölbreyttar námsleiðir og leggur mikið upp úr jafnrétti í leik og starfi.

Starfsfólk er ávallt með velferð barnanna að leiðarljósi og leggur það mikið upp úr því að þekkja hvert og eitt barn og þannig gefst gott tækifæri til þess að fylgjast með heilsu þeirra og velferð.

### Mat á gæðagreiini 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna

Gæðagreinirinn var metinn af öllum starfsmönnum. Helstu styrkleikarnir voru að starfsfólk notar mikið skýrt og nákvæmt hrós ásamt jákvæðum styrkingum í tali og myndum til þess að tryggja að börnin hafi skilning á eigin framförum í námi. Framvindu námsins hjá börnunum er svo komið til foreldra með foreldraviðtölum og daglegum samskiptum. Starfsfólk er mjög duglegt við að efla alhliða þroska barnanna með viðurkenndum aðferðum í gegnum leikinn og allt daglegt starf. Fylgst er vel með framförum barnanna og þeim veitt aðstoð á þeim sviðum sem þarfnast bætingar.

### Mat á gæðagreininum Starfsandi

Gæðagreinirinn var metinn af öllu starfsmönnum. Helstu styrkleikarnir voru að starfsmannahópurinn er flottur og skemmtilegur. Starfsmenn eru mjög duglegir að hlaupa undir bagga og hjálpast að þegar á þarf að halda og samstarf milli deilda er almennt gott. Foreldrasamstarf er einnig mjög gott og leggja starfsmenn sig fram um að sýna hlýlegt viðmót og að taka vel á móti bæði börnum og foreldrum. Metnaður er lagður í að gera starfið sýnilegt og hefur það góð áhrif á ímynd leikskólans.

### Mat nemenda á skólastarfi

Öll börn í skólahópi tóku þátt í innra mati á skólastarfinu með þátttöku í rýnihópaviðtölum. Notaðar voru skoskar sjálfsmatsaðferðir í matinu að hluta til en Menntamálayfirvöld í Skotlandi (Education Scotland) gáfu út nýtt sjálfsmatsefni á árinu sem sniðið er að nemendum og ákveðið var að prufukeyra. Rýnihópaviðtöl voru tekin til að ná fram skoðunum barnanna um skólastarfið. Hvert rýnihópaviðtal tók að jafnaði um 20 mínútur. Tveir starfsmenn sáu um hvert viðtal, kennsluráðgjafi og fulltrúi skólans í menntastefnuteymi, annar aðilinn stýrði umræðum og hinn skráði niðurstöður. Spurningarnar voru umorðaðar og hugtök útskýrð eftir þörfum. Lagðar voru eftirfarandi spurningar fyrir börnin í rýnihópaviðtölum:

1. *Hversu góður er leikskólinn okkar? Hvað gætum við gert til að gera hann betri?*

2. *Fá allir nemendur í skólanum þá hjálp sem þeir þurfa á að halda? Er hlustað á börnin? Hvernig væri hægt að hjálpa börnum betur í leikskólanum?*
3. *Hvað er það sem skiptir mestu máli í skólustarfinu svo ykkur líði vel og að þið getið lært?*
4. *Hverjir ráða í leikskólanum? Hvernig ráða þeir?*
5. *Hverju ráða börnin? Hverju viljið þið ráða?*
6. *Geta börnin ráðið í söngstundum? Hvernig?*
7. *Geta börnin ráðið í vali? Hvernig?*
8. *Geta börnin ráðið í hópastarfi? Hvernig?*

Líflegar umræður sköpuðust í rýnihópaviðtölum og börnin dugleg að tjá sig um skólustarfið almennt. Hluti af niðurstöðunum var lagður sem grundvöllur framlags skólahópsbarna til gerðar nýrrar menntastefnu Skagafjarðar sem er í vinnslu.

## Umbótaáætlun og endurmat skólaársins 2018-2019

gg. 1.3 Breytingastjórnun	
Hvað þarf að gera?	Endurmat á umbótaáætlun
Óska þarf eftir þeim efnivið sem vantar t.d. á öðrum deildum, stigum eða hjá stjórnendum.	Komið í betra horf
Búa til innra mat fyrir foreldra (foreldrafélag og foreldraráð) og börn og leggja það fyrir.	Innra matsteymið útbýr gæðagreina og leggur fyrir foreldra og börn skólaárið 2019-2020.
Þyrftum oft að hafa meiri tíma og mannskap til að gera enn betur og fylgja eftir því sem við viljum gera fyrir börnin.	Stofnaður var starfshópur um bætt starfsumhverfi í leikskólum.
Auka jákvæðni gagnvart breytingum og hlusta á allar hugmyndir.	Komið í betra horf. En þarf alltaf að hafa í huga.
Hætta að ganga út frá greiningum og grípa inni þegar fagaðilar þ.e. við teljum þörf á.	Það er gert þegar hægt er.
Taka upp forrit sem er sambærilegt Karellen	Í ferli.
Rekum út neikvæðni með jákvæðni og leyfum hlutunum að þróast áður en við dæmum.	Þetta þarf alltaf að hafa hugfast.
Endurmeta þarf breytingar, ALLIR ekki bara deildarstjórar og aðrir stjórnendur.	Allir starfsmenn taka þátt í innra mati skólans.
Vera duglegri að nýta okkur þá símenntun sem er í boði og deila svo reynslunni með hinum t.d. á starfsmannafundum	Í höndum hvers og eins og stefnt að því að starfsmenn fái tækifæri til að segja frá námskeiðinu á starfsmannafundi.
Bera breytingar undir starfsfólk	Það er gert þegar hægt er.

Upplýsa nýja starfsmenn betur	Búið er að gera handbók um móttöku nýliða í Ársölum og er byrjað að nota hana.
Mætti taka aftur upp kennara skipti milli deilda/stiga.	Stjórendur eru með þetta í skoðun.
Betra upplýsingaflæði milli stiga	Unnið er að úrbótum

### gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat

Hvað þarf að gera?	Endurmat á umbótaáætlun
Fá fleira fagfólk til starfa til þess að fjölga þeim sem eru með próf til að taka þær kannanir sem meta framfarir og árangur barna.	Starfsfólk er hvatt til þess að sækja sér réttindanámskeið. Sveitarfélagið er að styrkja starfsfólk til leikskólakennaranám.
Útbúa niðurstöðublað úr þeim prófunum sem verið er að gera á börnunum um hvar börnin standa, sem væri aðgengilegt öllum starfsmönnum.	Komið í ferli.
Bæta upplýsingaflæði til foreldra um markvissa þjálfun barnanna.	þarf að skoða betur.
Bæta orðspor leikskólans út á við og vinna í samskiptum til þess að fólk vilji stoppa hér. Við þurfum að gæta þess að tala vel um vinnustaðinn okkar ef við viljum að aðrir geri það.	Er í vinnslu.
Að upplýsingaflæði til foreldra hvort sem verður í gegnum app eða tölvupóst sé samræmt á milli deildarstjóra.	Er í vinnslu.
Hafa fleiri starfsmenn á álagstímum, þá aðallega kringum 16.	
Koma á reglulegum fagfundum utan vinnutíma.	Búið er að koma á fagfundum 1 sinni á önn.
Taka upp Karellen eða eitthvað sambærilegt.	Leikskólar í Skagafirði eru að skoða þetta mál.
Þora að fara út fyrir þægindrammann t.d. í samverustund, breyta röddinni til að ná athygli allra í hópnum.	þarf alltaf að hafa í huga og er verið að vinna með í innra mati.
Vera sveigjanleg í leik og starfi, breyta því verkefni sem fyrir er lagt t.d. í hópstarfi að þora að skipta verkefni út fyrir annað ef aðstæður henta ekki.	þarf alltaf að hafa í huga og er verið að vinna með í innra mati.
Auka I-pad notkun með börnunum.	Ekki hefur enn verið til fjármagn til að verða við þessu.

Vantar meira rými fyrir daglegt starf t.d afmarkað hvíldar rými, færri börn á deild, ekki bara fjölga starfsmönnum.	Starfshópur vinnur í bættu starfsumhverfi leikskóla í Skagafirði.
Það vantar meiri tíma fyrir umræður um börnin s.s deildarfundi.	Reynt er að hafa deildarfundi fyrir hverja deild einu sinni í mánuði.
Upplýsingamiðlun um framvindu í þroska barna þarf að vera betri til alls starfsfólks.	Í ferli.
Skipulag (t.d. varðandi TRAS) sé sýnilegt þannig að allir starfsmenn deildarinnar sjái hvaða börn er búið að taka í TRAS og hvenær á að taka þau næst.	Í ferli.
Kynna okkur önnur próf sem mæla annað en málþroska barna.	Í ferli.
Meta breytingar á starfinu.	Skólaárið 2019-2020 verða búnir til gæðagreinar um starfið í Ársölum og síðan unnið úr þeim á matsfundum.
Bæta upplýsingaflæði milli starfsfólks varðandi niðurstöður málþroskaprófana	Í ferli.
Aldurstigsfundir til að samræma vinnubrögð.	Komið í góðan farveg.
Gera úrbætur á húsnæði, stúka betur af í flæðum og Grund.	Búið að stúka betur af á sameiginlegum svæðum.
Vera dugleg að minna hvort annað á að breyta til í leik ef áhuginn virðist vera minnka	Þetta þarf alltaf að hafa hugfast.
Umræður um námið, börnin og kennsluhætti mætti vera betra, t.d fyrir nýtt starfsfólk.	Þessum þörfum er að einhverju leiti mætt með nýrri nýliðaáætlun og innra mati.
Staðlaðir matslistar (meta nám og kennslu) Útbúa þarf gæðagreina og gagnlegar spurningar um nám og kennslu í leikskólanum.	Gæðagreinar búnir til og metnir skólaárið 2019-2020.

### gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Hvað þarf að gera?	Endurmat á umbótaáætlun
Gæta þarf þess að sá aðbúnaður sem þarf hverju sinni vegna sérúrræða barna sé til og aðgengilegur.	Er ekki þörf eins og er. En starfsmenn þurfa að meta hvað þarf hverju sinni í samráði við sjúkrapjálfa.
Allir verða að vera meðvitaðir um að vera sveigjanlegri gagnvart dagskipulagi og verkefnum þegar upp koma dagar þegar er mikil mannekla.	Í góðum ferli

Starfsfólk þarf rýmri tíma(komast í undirbúning) til að kynna sér reglur og starfshætti leikskólans betur.	Misvel á veg komið. Deildarstjórar þurfa að vera vakandi fyrir að senda starfsmenn í undirb.
Við þurfum að vera duglegri að óska eftir ráðgjöf frá verkefnisstjóra námsaðlögunar.	Komið
Hver deildarstjóri verður að virkja allt starfsfólk deildarinnar þannig að allir taki þátt, sýni frumkvæði og beri sameiginlega ábyrgð á þroska og velferð barnanna.	Í vinnslu
Forsenda stuðnings á ekki að þurfa að byggjast á greiningunni, hlusta þarf á leikskólakennarana því þeir eru fagmenn á sínu sviði og er bestir til þess að meta hvort þörf sé á stuðningi. Þetta á bæði við um stjórnendur leikskólans, Fræðsluþjónustan og skilafundi frá leikskóla til grunnskóla.	Aðeins komið af stað en má en bæta.
Allir þurfa að vera meðvitaðir um mikilvægi og gildi hróssins og að það sé gefið á uppbyggilegan hátt. Einnig er mikilvægt að kunna að taka hrósi og segja takk.	Í vinnslu
Skólanámskráin er lifandi plagg sem þarf að lesa og uppfæra reglulega.	Hefur en ekki verið uppfærð, þarf að bæta
Allir þurfa að vera meðvitaðir um ágæti þess að sýna tillitsemi og samkennd innan skynsamlegra marka.	Í vinnslu
Passa að gleyma ekki þeim börnum sem eru sjálfum sér nóg, eru sjálfstæð.	Það þarf alltaf að vera vakandi fyrir þessum börnum.
Þurfum alltaf að vera vakandi fyrir því að taka þátt í leik barnanna og dugleg að hjálpa börnum að komast í leik og grípa inni aðstæður ef með þarf.	Mjög gott á yngra stigi en þarf að bæta á eldra stigi. Ath. með að taka upp flæði.
Vera vakandi fyrir því að nota verkfæri/þekkingu okkar í ýmsum aðstæðum.	Í vinnslu. Við þurfum að muna að vera fyrirmyndir fyrir nýja starfsmenn og vera óhrædd að leyta til annara um ráð.
Passa þarf vel að allir starfsmenn deildarinnar viti niðurstöður Tras, Gerd Strand og Hljóm svo allir séu upplýstir, geti fylgst með og tekið þátt í að örva barnið.	Komið í góðan farveg
Þurfum að vinna markvissara með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og halda upp á 20. nóv. sem er dagur mannréttinda barna.	Komið í gang að halda uppá 20. nóv. Þarf að gera markvissara yfir árið.
Gott upplýsingaflæði þarf að vera á milli deilda um sérstök mál. Hvetja foreldra til þess að miðla upplýsingum til okkar, koma því að í foreldrasamtölum og fundum. Upplýsingar eiga ávallt að fara réttar	Í góðum farvegi.



boðleiðir, ekki í gegnum samfélagsmiðla eða síma utan leikskólatíma.	
Minnka þarf starfsmannaveltu í leikskólanum	Gengur ekki vel.
Fækka börnum á deildum	Ekkert gerst.

### gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna

Hvað þarf að gera?	Endurmat á umbótaáætlun
Meiri tíma til umræðu um einstaklinga t.d deildarfundi	Meiri tíma til umræðu um einstaklinga t.d deildarfundi
Allir þurfa að vera meðvitaðir um að hrósa	Í ferli
Hrósin þurfa að vera fleiri en neikvæðu atriðin (skammirnar)	Í ferli
Vantar meiri stuðning inná deildir	Í vinnslu
Fækka börnum á deildum til að einstaklingarnir njóti sín betur	Ekkert að gerast.
Deila þarf þekkingu reynslumeiri kennara (deila mannauðnum) varðandi kennsluefni	Ekkert að gerast
passa uppá að þau viti hvað við erum að hrósa þeim fyrir með einföldum og skýrum skilaboðum (stutt og hnitmiðað) Samanber SMT að setja orð á hrós.	Í vinnslu, komið vel á veg.
Einblína á það jákvæða í fari barnsins	Í vinnslu en alltaf má gera betur.

### Starfsandi - Ársalir

Hvað þarf að gera?	Endurmat á umbótaáætlun
Minnka starfsmannaveltu, álag og fá fleiri faglærða starfsmenn. Auka starfsánægju	Stofnaður hefur verið starfshópur sem mun vinna að úrbótum á þessu.
Að stjórnendur gæti jafnræðis í framkomu við starfsmenn	Þetta á alltaf að vera í vinnslu.
Að stjórnendur gæti jafnræðis varðandi frítöku starfsmanna.	Komnar eru reglur um frítöku.
Virða þarf þagnarskyldu. Vanda þarf orðaval varðandi samstarfsfólk og vinnustað	Þagnarskylda er ýtrekuð reglulega og þessi atriði þarf ávallt að hafa hugfast.
Starfsmenn þurfa að vera sveigjanlegri, viljugri og jákvæðari að fara á milli deilda og stiga	Komið í gott horf.
Bæta samskipti milli starfsmanna og yfirmanna	Samskipti er góð.
Bæta samstarf milli deilda, sérstaklega á eldra	Er í ferli.
Breytingar á starfsmannahaldi gerðar í samráði deildarstjóra og viðkomandi starfsmenn upplýstir.	Gert eins mikið og hægt er.

Yfirmenn þurfa að gera meira til þess að halda í starfsmenn.	Farið er að bjóða upp á styttri vinnutíma.
Sýna meira umburðarlyndi gagnvart samstarfsmönnum og gæta þess að vera ekki með slæmt umtal.	þarf ávallt að hafa hugfast.
Bjóða þarf upp á gott kaffi á kaffistofunni	Komið í lag.
Breytingar á starfsmannahaldi þurfa að berast strax til foreldra.	Breytingar sem verða koma fram á upplýsingatöflu, tölvupósti og faebook hópum deildanna.
Starfsmenn þurfa að koma jafnt fram við öll börn og alla foreldra..	þarf ávallt að hafa hugfast.
Bæta upplýsingaflæði milli deilda með aðstoð í huga.	Komið í betra horf.
Vinna þarf í því að gera leikskólann að einni heild en ekki tveimur vinnustöðum.	Ávallt í vinnslu.
Vantar yfirsýn því 9 deilda leikskóli er of stór eining.	Ávallt í vinnslu að hafa betri yfirsýn.

## Mat á starfsáætlun 2018-2019

Mat á starfsáætlun fór þannig fram að leikskólastjóri fór yfir hvern kafla og merkti hvað hafði tekist og hvað komst ekki í verk. Það má segja í stuttu máli að flest allt innra starf starfáætlunarinnar hafi gengið upp. Matið er sett upp þannig að hver kafli er gerður upp eftir því sem við á.

Við þyrftum að búa okkur til matslista eins og eru í sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og meta árangur starfsáætlunarinnar að vori vonandi náum við því fyrir næsta mat á starfsáætluninni.

Viðhald	
Skipta lóð eldra stigs.	Ólokið
Búa til drullubú á lóð eldra stigs.	Ólokið

Viðhaldslistinn í starfsáætlunni er misjafnlega langur og ekki má gleyma að það kemur líka oft eitthvað óvænt upp á sem þarfnast viðhalds strax.

Starfspróunarsamtöl	
Allir starfsmenn eiga rétt á samtali við leikskólastjóra og/eða aðstoðarleikskólastjóra.	Lokið

Símenntunaráætlun 2018-2019	
Fræðsludagur	Lokið
Haustþing	Lokið
Scottish Learning Festival	Lokið
Erfið starfsmannamál	Lokið
Félagslegt- og andlegt einelti á vinnustaðnum	Lokið
Ráðstefna um þjónandi leiðsögn í Hollandi	Lokið
Trúnaðarmannanámskeið	Lokið
Öryggistrúnaðarmanna- og öryggisvarðanámskeið	Lokið
Stjórnendanámskeið	Lokið
TRAS námskeið	Lokið
Topptilfinningalegt ástand	Lokið
Teech námskeið	Lokið

## Niðurstöður SET-lista í nóvember 2018

Set – listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu á SMT – skólafærni. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og er því hentugur til þess að gera samanburð á milli ára. Elín Berglind Guðmundsdóttir, leikskólakennara í leikskólanum Ársölum lagði listann fyrir í leikskólanum 21. nóvember 2018. Berglind ræddi við níu börn í leikskólanum, starfsfólk og stjórnendur ásamt því að fylgjast með daglegu starfi á þremur deildum. Auk þess að rýna í ýmis gögn s.s. SMT- möppur deildanna og heimasíðu.

Leikskólinn Ársalir er níu deilda leikskóli sem er rekinn í tveimur húsum. SET- listinn var lagður fyrir á eldra stigi Ársala en þar eru sex deildir. Nöfn deildanna voru sett í skál svo var einn kennari, sem valinn var af handahófi, fenginn til að draga þrjá miða. Deildirnar sem voru metnar eru Höfði, 2ja til 3ja ára börn, Laut, 3ja til 4ra ára börn, og Þúfa, 5 ára börn.

Á einni af þremur deildum var dagskipulagið myndrænt/sjónrænt í hæð barnann.

Í leikskólanum Ársölum eru fimm reglur. Á yngri deildunum eru fjórar reglur sem eru : *Að hafa hendur og fætur hjá sér, að ganga inni, að nota inniröddina og að taka saman.* Á eldri deildunum bættist við reglan *að hlusta á þann sem talar.*

Niðurstöður SET-listans eiga að hjálpa viðkomandi skóla að þróa, endurskoða og bæta SMT-skólafærni hjá sér.

Heildarmeðaltal leikskólans Ársala er 89,7%. Leikskólinn Ársalir vinnur með SMT-skólafærni á fullnægjandi hátt.

Hér að neðan er farið yfir niðurstöður listans (flokkar A-H):

A - Reglur skilgreindar –  $8/8 = 100\%$

Þættir A og B

Reglur eru sýnilegar og í augnhæð barnanna. Skólareglurnar eru jákvæðar og settar fram bæði myndrænt og með texta.

B - Reglur kenndar –  $6/6 = 100\%$

Til er kennsluáætlun þar sem kemur fram hvenær reglurnar eru kenndar. Kennarar áttu auðvelt með að telja upp allar reglurnar. Rætt var við níu börn, þrjú á hverri deild. Á yngstu deildinni, 2-3 ára, gátu öll börnin tilgreint þrjár reglur af fjórum. Á deildinni sem er með 3-4 ára börn gátu tvö börn tilgreint tvær reglur af fimm og eitt barn tilgreindi einungis eina reglu af fimm. Á elstu deildinni gat eitt barn tilgreint allar reglurnar fimm. Eitt barn fjórar reglur og eitt barn gat einungis tilgreint þrjár reglur af fimm. Þegar reglurnar eru kenndar á tveimur eldri deildunum hengja kennararnir á sig spjöld til aðgreiningar og reglurnar eru kenndar rétt, rangt, rétt í mis stórum hópum. Ekki hafði farið fram formleg kennsla á reglunum á miðdeildinni en búið að ræða um þær og skoða reglumyndirnar. Á yngri deildinni eru reglurnar kenndar með því að lesa félagsfærnisögur.

C - Viðbrögð við æskilegri og óskilegri hegðun  $11/14 = 78,5\%$

Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Á tveimur yngri deildunum safna nemendur brosbörnum sem límd eru á orm. Á elstu deildinni safna nemendur teygjum sem safnað er á hólki. Umbunin er sýnileg við enda ormsins og efst á hólki. Þegar tilteknum fjölda brosbarna/teygja er náð er umbun veitt. Umbun getur t.d. verið leikfangadagur, búningadagur, náttfatadagur, grímudagur, andlitsmálun, bíó og ferð með skólarútunni svo eitthvað sé nefnt. Allir starfsmenn notuðu aðferðir sem samræmast SMT – skólafærni til að

umbuna börnunum fyrir æskilega hegðun og í áhorfi var það jákvæð hvatning og orð á hegðun sem var notað. Þrátt fyrir að engin jákvæð hvatning hafi komið fram í áhorfi á elstu deildinni þá virtist starfsfólk vera meðvitað um SMT og hvernig ætti að nota það. Samræmi var milli deilda.

Til er ákveðið ferli, einveruferli, sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun. Skýr fyrirmæli, skýr fyrirmæli endurtekin, orð á hegðun og vísað úr aðstæðum / í einveru.

Í áhorfi á deildum komu níu jákvæðar athugasemdir og engar neikvæðar. Í Höfða voru sex jákvæðar athugasemdir. Í Laut voru þrjár jákvæðar athugasemdir. Á þessum tveimur deildum voru engar neikvæðar athugasemdir. Í Þúfu voru hvorki jákvæðar eða neikvæðar athugasemdirnar.

Í Höfða minnti einn kennari eitt barn á reglu. Í Þúfu lét einn kennari vita að brátt yrið breyting á viðfangsefni.

#### D - Skipulag og fyrirsjáanlegt umhverfi - $8/10 = 80\%$

Á einni af þremur deildum var dagskipulagið myndrænt/sjónrænt í hæð barnanna. Öll börnin í Þúfu gátu sagt hvað kæmi á eftir samverustund. Tvö börn í Höfða gátu sagt hvað tæki við eftir samverustund og eitt barn gat ekki svarað. Tvö börn í Laut gátu sagt hvað tæki við eftir samverustund og eitt barn gat ekki svarað. Allir kennarar gátu sagt til um hvað tæki við eftir samverustund.

#### E - Eftirlit og ákvaðantaka $7/8 = 87,5\%$

Skráningar eru gerðar skipulega tvisvar sinnum á önn og eftir þörfum þar fyrri utan. Til eru sérstök eyðublöð til að skrá óæskilega hegðun. Þegar skráningarviku lýkur eru upplýsingarnar teknar saman og settar inn í Exel skjal. Hver deild skráir og heldur utan um sínar skráningar. Skráningar eru ekki endilega gerðar einu sinni í mánuði.

#### F - Þátttaka foreldra. $8/10 = 80\%$

Allir deildarstjórnarnir hafa reglulega samskipti við foreldra. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að taka þátt og fylgjast með starfinu. Allar upplýsingar um reglur og væntingar eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Sama fyrirkomulag er á hvernig reglur eru kenndar, hvernig brugðist er við æskilegri og óæskilegri hegðun. Einnig eru upplýsingar um skýr fyrirmæli, hvatningu og umbun, mörk og SMT-teymið aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Auk þess hangir tímaáætlun uppi við innganga allra deilda. SMT kynningar er haldnar á foreldrafundum að hausti. Einnig eru settar inn upplýsingar um SMT-skólafærni á lokaðar *Facebook-síður* deildanna. SMT-reglurnar höfðu ekki verið endurskoðaðar á skólaárinu.

#### G - Stjórnun 11/12 = 92%

Í skólanum er SMT-teymi og það skipa:

- Anna Jóna leikskólastjóri - teymisstjóri.
- Sólveig Arna aðstoðarleikskólastjóri - ritati og umsjónarmaður yngra stigs.
- Elín Berglind - möppustjóri og umsjónarmaður eldra stigs.
- Dagbjört.
- Rósa Mary.

Í leikskólanum er SMT-teymi starfandi. Tveir teymismeðlimir halda að mestu utan um framkvæmd SMT og fylgja henni eftir. Einnig hafa þeir séð um fræðslu til nýrra kennara. SMT-teymið sér um að miðla upplýsingum til annarra kennara leikskólans. Aðgerðaráætlun um innleiðingu/upprifjun SMT-skólafærni er til staðar. Þeir kennarar sem rætt var við höfðu góða þekkingu á SMT-teyminu og hlutverk þess. Á eldri deildum eru reglurnar kenndar með sýnikennslu. Á yngri deildinni eru reglurnar kenndar með því að lesa félagsfærnisögur sem hafa verið útbúnar. Hægt er að vísa málum til SMT-lausnateymis.

#### H - Stuðningur við verkefnið 8/8 = 100%

EKKI er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni í að þróa og viðhalda SMT - skólafærni en það kemur ekki að sök vegna þess að ef eitthvað vantar þá er það keypt td. bros, teygjur, möppur og þess háttar. Sami háttur er á ef eitthvað vantar fyrir umbunarveislur þá láta deildarstórar vita ef eitthvað vantar og þá er það útvegað. Stjórendur telja að þeir veiti kennurum tíma og úrræði til að vinna að markmiðum SMT. Deildarstjórar telja að nægur tími sé til að sinna og vinna að markmiðum SMT-skólafærni þó ekki sé tilgreindur sérstakur tími til þess. Stjórendur sýna skilning og allt er gert til að verða við beiðni deildarstjóra um auka undirbúningstíma til að sinna SMT-skólafærni. Starfsfólk Ársala hefur átt kost á fræðslu og/eða þjálfun á árinu.

Heildarmeðaltal er **89,7%**. Leikskólinn Ársalir vinnur með SMT – skólafærni á fullnægjandi hátt.

## Skólapúlsinn

Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár að jafnaði en í Ársölum var tekin sú ákvörðun að leggja fyrir bæði foreldra og starfsmannakönnun. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikkið 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

## Skólapúlsinn foreldrar

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var lögð fyrir í mars 2019. Könnunin var send út til foreldra/forsjáraðila allra barna á leikskólanum og var fjöldi þátttakenda var 154 en fjöldi svarenda 114 og svarhlutfallið því 74%. Sá háttur er hafður á að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í leikskólanum þá er helmingur könnunarinnar sendur á netfang hvors foreldris. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Foreldrakönnunin mælir 31 þætti sem skipt er upp í sex efnisflokka þeir eru: *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta og opin svör*.

## Daglegt leikskólastarf

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>1. Daglegt leikskólastarf</b>				
Ánægja með leikskólann	85,3%	87/102	80,2%	5,1%

Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi	58,5%	38/65	85,5%	-27,0%*
Ánægja barnsins í leikskólanum	89,8%	88/98	95,5%	-5,7%*
Hæfilegur fjöldi barna á deild	78,6%	88/112	90,5%	-11,9%*
Sérþarfir í mataræði	16,0%	17/106	13,3%	2,7%
Hollt mataræði	86,9%	93/107	93,1%	-6,2%*

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* mælast fjórir þættir marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir: *stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi*, *ánægja barnsins í leikskólanum*, *hæfilegur fjöldi barna á deild* og *hollt mataræði*. Ánægja með *leikskólann* í heild mælist þó örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum en þar er munurinn þó ekki marktækur. Ánægja með leikskólann hefur hækkað um 9% á milli ára. Einungis 58,5% telja *stjórnendur vera sýnilega í daglegu starfi* en niðurstöður ber að túlka af varkárni þar sem svarhlutfall er mjög lágt, en sýnileiki stjórnenda hefur þó minnkað frá síðustu könnun. Ástæðan fyrir því að stjórnendur eru ekki sýnilegri gæti verið sú að stjórnendur eru staðsettir á sitt hvoru stiginu og því ekki sýnilegir nema á því stigi sem þeir eru staðsettir. *Ánægja barnsins í leikskólanum* mælist marktækt lægri en 88 af 98 foreldrum eru þó frekar eða mjög ánægðir. Flestir foreldrar telja að *hæfilegur fjöldi barna* sé á deildunum en 21,4% telja að of mörg börn séu á deildunum og hefur óánægja með það aukist töluvert milli ára. Foreldrar telja að *sérþörfum í mataræði* sé mætt örlítið betur en í viðmiðunarskólunum og hefur ánægja með þennan þátt aukist frá síðustu könnun. Varaðandi *hollt mataræði* þá mælist það marktækt lægra en ánægja með mataræðið hefur þó aukist hægt og þétt milli ára.

### Námsumhverfi

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
<b>1. Námsumhverfi</b>				
Vinnubrögð	81,2%	52/64	86,1%	-4,8%
Aðstaða	84,8%	67/79	89,4%	-4,6%
Félagsleg samskipti	94,3%	82/87	94,8%	-0,5%



Þátttaka án aðgreiningar	94,7%	72/76	96,5%	-1,8%
--------------------------	-------	-------	-------	-------

Í floknum *námsumhverfi* mælast allir þættir örlítið lakari en í viðmiðunarskólunum en munurinn er þó ekki marktækur. Matsþátturinn *vinnubrögð* hefur nokkuð staðið í stað frá því byrjað var að mæla með aðferð Skólapúlsins 2017. Ánægja með *aðstöðu* er minni en á landsvísu en hún hefur aukist um 11% í Ársölum frá síðasta ári. *Félagsleg samskipti* eru nokkurn vegin á pari við samanburðarskólana og hefur ánægja með þennan þátt aukist frá síðustu könnun. Ánægja með *þátttöku án aðgreiningar* er örlítið lægri en á landsvísu og hefur ánægjan minnkað um 1% milli ára.

### Samskipti við foreldra

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðalta I	Mismunur
<b>1. Samskipti við foreldra</b>				
Upplýsingamiðlun	64,8%	59/91	76,2%	-11,4%*
Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	76,1%	83/109	82,6%	-6,5%*
Tengsl við starfsfólk leikskólans	92,6%	100/108	94,5%	-1,9%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	61,5%	59/96	74,9%	-13,4%*
Tímasetning viðburða	83,7%	87/104	86,8%	-3,1%
Heimasíða leikskólans	91,4%	96/105	86,6%	4,8%

Í floknum *samskipti við foreldra* mælast þrjú þættir marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum, *upplýsingamiðlun*, *þekking á stefnu leikskólans* og *hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu*. *Upplýsingamiðlun* mælist marktækt lægri en ánægjan hefur þó aukist um 13% milli ára. *Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans* er marktækt lægri en á landsvísu og telja örlítið fleiri foreldrar sig ekki nægjanlega upplýsta. *Tengsl við starfsfólk leikskólans* eru örlítið minni en í samanburðarskólunum en hefur þó aukist um 5% milli ára. *Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu* er marktækt minni og er ánægja með þennan þátt svipuð og í síðustu könnun.

*Tímasetning viðburða* mælist einnig lægri en þó ekki marktækt og hefur ánægja með þennan þátt minnkað um 4,5% en ánægja með *heimasiðu leikskólans* mælist 4,8% hærrí en í viðmiðunarskólunum.

#### Upphaf og lok leikskólagöngu

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðalta I	Mismunur
<b>1. Upphaf og lok leikskólagöngu</b>				
Leikskólabyrjun	50,0%	11/22	68,0%	-18,0%*
Flutningur milli skólastiga	50,0%	9/18	68,3%	-18,3%*
Flutningur milli deilda	87,3%	62/71	89,7%	-2,4%

Í flokknum *upphaf og lok leikskólagöngu* mælist þátturinn *leikskólabyrjun* marktækt lægri en hjá viðmiðunarskólunum. En sá munur skýrist að miklu leyti af því að í Ársölum er þátttökuaðlögun og þess vegna er ekki lykilaðili til staðar fyrir barnið og foreldrið og tímabilið sem barnið dvelst eitt í leikskólanum lengist ekki dag frá degi þar sem foreldrið er með barninu í 2 og hálfan dag. Varðandi *flutning barna á milli skólastiga* þá mælist ánægja með það marktækt minni en á landsvísu. Þar hefur mest áhrif að helmingur þeirra foreldra sem svöruðu telja sig ekki vera virkir þátttakendur í undirbúningi að flutningi á milli skólastiga. Þegar kemur að *flutningi barna á milli deilda* í Ársölum þá segjast 87,3% foreldra vera sáttir við aðkomu þeirra að flutningi barnsins á milli deilda en þessi þáttur mælist örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum.

#### Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>1. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta</b>				

Hlutfall sérkennslu og stuðnings	12,8%	14/109	17,3%	-4,5%*
Hlutfall sérfræðiþjónustu	11,9%	13/109	13,7%	-1,8%*

Fjórtán foreldrar segja að barnið hafi fengið *sérkennslu eða sérstakan stuðning* á skólaárinu. Fjórir foreldrar segjast vera á biðlista yfir sérkennslu eða sérstakan stuðning. Ennfremur segja þrettán foreldrar að þeir hafi óskað eftir *sérfræðiþjónustu* fyrir barnið á skólaárinu (s.s. sálfræði, talmeinafræði eða iðjubjálfun) og fengið þjónustuna. En fjórir foreldrar segjast hafa óskað eftir sérfræðiþjónustu fyrir barnið sitt á skólaárinu en hafa ekki fengið slíka þjónustu eða vera á biðlista. Báðir matsþættir í þessum flokki mælast marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum.

#### Opnar spurningar

Dæmi um svör við opnum spurningum frá foreldrum/forsjáraðilum: Foreldrum þykir gott að barninu þeirra líði vel og er ánægt í leikskólanum. Starfsfólkið er frábært, vingjarnlegt og áhugasamt og samskipti og upplýsingaflæði eru einnig mjög góð. Foreldrarnir eru jafnframt ánægðir með að í leikskólanum fer fram faglegt og gott starf þar sem börnin fá margvísleg tækifæri til náms og leiks. Margir telja of mörg börn vera á hverri deild og of lítið rými fyrir börn í leik. Einnig telja þau að gott sé hve maturinn sé fjölbreyttur og góður. Mörgum foreldrum finnst slæmt hve miklar mannabreytingar hafa átt sér stað og einnig er nokkrum sem finnst upplýsingaflæði ekki nægjanlegt í lok dagsins þegar barnið er sótt og sumir tala um að gott væri ef leikskólinn tæki upp app eins og Karellen. Útivera mætti vera meiri og oftar farið í vettvangsferðir og taka þarf útsvæði í gegn á eldra stigi t.d. með því að auka skjól, skipta lóð og laga frárennsli. Almenn ánægja er með sérkennsluna, sérstaka stuðninginn og sérfræðiþjónustuna sem í boði er í leikskólanum.

#### Skólapúlsinn starfsmenn

Samræmd starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar 2019. Könnunin var send út til allra starfsmanna í leikskólanum og var fjöldi þátttakenda 50 en fjöldi svarenda 43 og svarhlutfallið því 86%. Könnunin mælir 40 þætti og er henni skipt upp í fimm efnisflokka. Þeir eru *almennt um starfsfólk, viðhorf til leikskólans, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstími og opnar spurningar*.

## Almennt um starfsfólk

1. Almennt um starfsfólk	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Starfsaldur í leikskólum 4 ár eða hærri	60,5%	26/43	57,2%	3,3%
Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	1,5 dagar	42	1,7 dagar	-0,2 dagar
Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	0,6 skipti	43	1,2 skipti	<b>-0,6 skipti*</b>
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	0,4 skipti	43	0,5 skipti	-0,1 skipti
Tíðni áreitni meðal starfsfólks	7,0%	3/43	11,2%	-4,2%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	16,3%	7/43	9,8%	6,5%

Í flokknum *almennt um starfsfólk* kemur fram að hlutfallsega fleira starfsfólk hér er með lengri starfsaldur en 4 ár eða 60,5%. Fjarvera heila daga og seinkoma starfsfólks er minni en í viðmiðunarhópnum og fjarvera hluta úr degi er marktækt minni en annar staðar. Tíðni áreitni meðal starfsfólks hefur minnkað frá síðustu könnun og er tíðni áreitni jafnframt minni en á landsvísu en 3 starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsaðila. Tíðni eineltis hefur því miður aukist í Ársölum eins og í viðmiðunarskólunum en 6 starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsmanns og einn starfsmaður af hálfu foreldris.

## Viðhorf til leikskólans

2. Viðhorf til leikskólans	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Starfsánægja í leikskólanum	4,2	43	5,2	<b>-1,0*</b>
Starfsandi í leikskólanum	2,6	43	4,9	<b>-2,3*</b>
Stjórnun leikskólans	3,8	43	5,0	<b>-1,2*</b>
Starfsaðstaða í leikskólanum	3,6	42	5,0	<b>-1,4*</b>

Í flokknum *viðhorf til leikskólans* kemur fram að allir þættir eru marktækt undir landsmeðaltali. Fjöldi þeirra sem telja sig upplifa *starfsánægja* er sá sami og í síðustu könnun og er engin þáttur

sem kemur áberandi lakar út en aðrir. Ánægja með *starfsandann og stjórnun leikskólans* fór minnkandi milli ára innan leikskólans, eins og með *starfsánægjuna* kemur engin þáttur áberandi lakari út en aðrir. Ánægja með *starfsaðstöðu í leikskólanum* hefur aukist frá því í síðustu könnun.

### Uppeldi og menntun

3. Uppeldi og menntun	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Sjálfsmynd við uppeldi og menntun	4,2	43	5,1	-0,9*
Trú á eigin getu við uppeldi og menntun	4,3	39	5,1	-0,8*
Trú á eigin getu við daglegt skipulag	4,4	39	5,0	-0,6*
Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð	4,9	37	5,2	-0,3
Samstarf í leikskólanum	3,7	35	5,0	-1,3*
Virkar samræður um starfið	4,4	35	5,0	-0,6*
Virgni foreldra í leikskólafarfinu	4,4	38	5,0	-0,6*
Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	71,9%	23/32	69,6%	2,3%
Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	86,5%	32/37	84,0%	2,5%
Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	74,3%	26/35	74,2%	0,1%

Í flokknum *uppeldi og menntun* kemur fram að *sjálfsmynd við uppeldi og menntun* er marktækt undir landsmeðaltali en *sjálfsmyndin* hefur þó aukist töluvert frá síðustu könnun innan leikskólans. *Trú á eigin getu við uppeldi og menntun* og *daglegt skipulag* er marktækt undir meðaltali, jafnframt mælast þættirnir *samstarf í leikskólanum* og *virkar umræður* marktækt undir meðaltali og hefur ánægja með það minnkað á milli ára. *Virgni foreldra í leikskólafarfinu* er marktækt undir landsmeðaltali en hefur þó staðið í stað milli kannanna. *Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð* mælist einnig undir meðaltali en þó ekki marktækt. *Aðgengi að ráðgjöf*

*sérfræðinga utan skólans, ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir og upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir* eru yfir meðaltali viðmiðunarskólanna.

#### Símenntun og undirbúningstími

4. Símenntun og undirbúningstími	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	100,0%	18	91,6%	8,4%
Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	70,6%	12/17	69,6%	1,0%
Notkun undirbúningstíma	-	18	-	-
Tækifæri til símenntunar	4,8	37	5,0	<b>-0,2*</b>
Virkni í símenntun	10,5%	4/38	6,0%	4,5%
Símenntunarþörf starfsfólks	5,0	34	5,0	0,0
Símenntunarþörf starfsfólks (annað)	-	7	-	-
Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	67,6%	25/37	57,8%	9,8%
Hindranir í símenntun starfsfólks	43,5%	10/23	58,3%	-14,8%
Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	5	-	-

Í flokknum *símenntun og undirbúningstími* eru allir þættir yfir landsmeðaltali nema tækifæri til símenntunar sem mælist marktækt undir og símenntunarþörf starfsfólks sem er til jafns við landsmeðaltal, en í mörgum liðum eru hlutfallslega fáir sem svara og ber því að túlka niðurstöður af varkárni. *Tækifæri til símenntunar* er marktækt undir landsmeðaltali en umtalsvert fleiri telja sig hafa næg tækifæri til símenntunar frá því í síðustu könnun.

#### Opnar spurningar

Dæmi um svör við opnum spurningum hjá starfsfólki: Fækka þarf börnum á deildum til að bæta starfsumhverfið fyrir bæði starfsfólk og börn og finna leiðir líkt og mörg önnur

sveitarfélög hafa gert til að minnka starfsmannaveltuna og fjölga fagfólki því erfitt er að halda uppi faglegu starfi þegar leikskólakennurum og reyndu starfsfólki fækkar stöðugt. Mikil þörf er á fagfundum fyrir leikskólakennara og eykst þörfin bara þegar fagfólki fækkar og mikilvægt er að fundirnir væru með mjög reglulegu millibili. Bæta þarf samskipti með því að mynda stöðugleika og þjappa starfsfólki saman. Vekja þarf áhuga foreldra á starfinu okkar til þess að ekki sé einungis litið á leikskólann sem þjónustustofnun heldur fyrsta skólastig barnsins. Oft erfitt að koma skilaboðum til foreldra í byrjun og lok dags þar sem flest allir koma með og sækja börnin á sama tíma. Jákvæðni er eitthvað sem alltaf þarf að vera til staðar og þurfa allir að passa það hjá sér. Stjórnendur þurfa að vera skipulagðir og hafa góða yfirsýn. Starfsfólk talar um að það þyrfti sjálft að vera duglegra að sækja sér námskeið. Flottur vinnustaður með skemmtilegu starfsfólki sem hlúir vel að börnunum og ber hag þeirra ávallt fyrir brjósti. Starfsfólk er duglegt að hjálpast að og láta hlutina ganga upp. Í leikskólanum er unnið faglegt og metnaðarfullt starf. Mikil starfsmannavelta hefur víðtæk áhrif á allt starf í leikskólanum.

### Áætlun um sjálfsmat 2019-2022

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, og áætlun til þriggja ára um hvenær ráðgert er að leggja þá fyrir til mats og umbóta. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með bleikum, bláum og grænum lit. Gæðagreinar sem unnir eru til af starfsmönnum Ársala er auðkenndir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2018-2019	2019-2020	2020-2021
<b>Haustönn</b>			
	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	Starfsmenn útbúa gæðagreina fyrir Ársali	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

	gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	gg. Þátttaka starfsmanna í starfi með börnunum – Ársalir	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi
		Ársala gæðagreinarnir hreyfing, útivera, samverustund og dygðir.	Starfsmenn útbúa gæðagreina um uppákomudaga fyrir Ársali
			Uppákomudagar - Ársalir
			Starfsmenn útbúa gæðagreina
<b>Nóvember?</b>	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun
<b>Vorönn</b>			
	gg. 1.3 Breytingastjórnun	gg. 2.2 Skólanámskrá	Ársala gæðagreinarnir Hópastarf, málörvun, myndlist og tónlist.
	Starfsandi - Ársalir	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
		gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	Mötuneyti - Ársalir
		Ársala gæðagreinarnir TMT, Vinastund, Fjölmenningsdagur og Leikfangadagur	Móttaka, þjálfun, eftirfylgni og stuðningur við nýliða - Ársalir
		Þátttaka starfsmanna í starfi með börnunum - Ársalir	



<b>Febrúar</b>	Starfsmannakönnun Skólapúlsins	Starfsmannakönnun Skólapúlsins	
<b>Mars</b>	Foreldrakönnun Skólapúlsins		Foreldrakönnun Skólapúlsins
<b>Október</b>	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla

## Viðauki I - Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

<b>Framúrskarandi</b>	Einkunnin <b>framúrskarandi</b> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
<b>Mjög gott</b>	Einkunnin <b>mjög gott</b> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
<b>Gott</b>	Einkunnin <b>gott</b> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
<b>Fullnægjandi</b>	Einkunnin <b>fullnægjandi</b> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði

	<p>skólastarfsins rétt náí að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.</p>
<p><b>Slakt</b></p>	<p>Einkunnin <b>slakt</b> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.</p>
<p><b>Ófullnægjandi</b></p>	<p>Einkunnin <b>ófullnægjandi</b> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.</p>